



Samstarfssamningur

Landspítala

og

Ráðgjafar- og greiningarstöðvar

um

sérnáám í barna- og unglingageðlækningum



Samstarfssamningur á milli Landspítala og Ráðgjafar- og greiningarstöðvar um sérnáám í barna- og unglingageðlækningum

1. Grein: Samstarfsaðilar

1.1 **Samstarfsaðilar:** Samstarfssamningur þessi varðar formlegt samstarf eftirfarandi aðila og lýsir umgjörð og framkvæmd samstarfs stofnana í sérnámi í barna- og unglingageðlækningum.

- a. Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, Ísland (Landspítali)
- b. Ráðgjafar- og greiningarstöð, Dalshraun 1b, 220 Hafnarfjörður (RGR)

2. Grein: Bakgrunnur og grundvöllur sérnáms og samstarfssamnings

2.1 **Bakgrunnur:** Á undanförunum árum hefur mikil þróun átt sér stað í uppbyggingu sérnáms lækna á Íslandi. Lögð hefur verið áhersla á þróun sérnáms í öllum stærstu greinum lækninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla. Samstarf þetta sem þessi samningur kveður á um er liður í frekari uppbyggingu sérnáms í barna- og unglingageðlækningum. Samið er hér um samstarf til fjögurra ára. Með undirritun samnings nú eru ábyrgð og skyldur beggja aðila samþykktar eins og þær koma fram í samstarfssamningi þessum og viðaukum hans.

2.2 **Grundvöllur:** Sérnám í öllum greinum læknisfræði skal fara fram samkvæmt gildandi reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi ([Reglugerð 856/2023](#) um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi). Sérnám fer fram samkvæmt marklýsingu hverrar einstakrar greinar og á þeim deildum Landspítala og RGR sem samþykktar hafa verið af mats- og hæfisnefnd, sem starfar á forræði heilbrigðisráðuneytis samkvæmt ofangreindri reglugerð. Stofnanir skuldbinda sig til samhæfingar varðandi gæði náms og framkvæmd þess.

3. Grein: Umsjón og framkvæmd

3.1 Yfirumsjón með allri umsýslu og framkvæmd þessa samnings á Landspítala er í höndum yfirlæknis sérnáms á Landspítala. Yfirumsjón með allri umsýslu á RGR og framkvæmd þessa samnings er á höndum framkvæmdastjóra lækninga á RGR. Kennslustjóri Landspítala og framkvæmdastjóri lækninga á RGR bera ábyrgð á framkvæmd sérnáms í samvinnu við forstöðumenn eininga beggja stofnana í samræmi við gildandi starfslýsingu kennslustjóra sérnáms í læknisfræði, sjá viðauka

- 3.2 Tryggt skal að á hvorum stað starfi í það minnsta einn meðlimur kennsluráðs hverrar þeirrar greinar þar sem sérnám fer fram á báðum stöðum.
- 3.3 Samningur þessi lýsir umgjörð og framkvæmd samstarfs stofnana í sérnámi í barna- og unglingageðlækningum.
- 3.4 Mælst er til þess að sérnámslæknum bjóðist að jafnaði að starfa í 3-6 mánuði á RGR í samræmi við samþykktir mats- og hæfisnefndar.
- 3.5 Þess skal gætt að á námstíma haldi framkvæmd náms áfram samkvæmt formlegri umgjörð sérnáms, þar með talið skipulag handleiðslukerfis, matskerfis, notkun skráningarkerfis, kennsluprógramms og mat á framgangi.

4. Grein: Ráðningarferli, ráðningasamningur og kjör sérnámslækna

4.1 **Ráðningaferli og ráðningasamningur:** Lausar stöður sérnámslækna eru auglýstar tvisvar á ári á vegum Landspítala. Að undangengnu stöðluðu ráðningarferli í samræmi við Handbók um Mannauðsmál og sérnám lækna á ytri vef Landspítala gerður tímabundinn ráðningasamningur við Landspítala. Þegar sérnámslæknir hefur störf á RGR fer hann í launalaust leyfi frá Landspítala og gerður er tímabundinn ráðningasamningur við RGR.

4.2 Leitast skal við að skipulag og tímasetning námsstaða skuli liggja fyrir ekki síðar en þremur mánuðum fyrir upphaf starfa.

4.3 **Kjör sérnámslækna:** Sérnámslæknir þiggur laun og önnur réttindi samkvæmt gildandi kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Almenn ákvæði kjarasamninga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda á meðan á ráðningasambandi við sérnámslækni stendur. Landspítali greiðir öll laun og kostnað fyrir þann tíma sem sérnámslæknir starfar þar og RGR allan kostnað fyrir þann tíma sem sérnámslæknar starfa þar. Hvor vinnustaður greiðir ferðakostnað og námskeiðsgjöld vegna námsferða samkvæmt 8. kafla kjarasamnings hlutfallslega miðað við starfstíma á viðkomandi almanaksári en fjarvistir því samfara eru leystar innan þess vinnustaðar sem sérnámslæknir starfar á þegar ferðin er farin. Leitast skal við að gæta jafnræðis við veitingu slíkra leyfa miðað við lengd námsdvalar á hvorum stað, þannig að ekki halli á annan vinnustaðinn í heildina. Áunnin frí eru gerð upp á þeim vinnustað þar sem til þeirra er stofnað. Þegar sérnámslæknir sem ráðinn hefur verið í sérnámsstöðu á forræði Landspítala hefur störf á RGR fer hann í launalaust leyfi frá Landspítala en heldur áunnum réttindum þar.

5. Grein: Ábyrgð og skyldur samstarfsaðila

5.1 Við undirritun samstarfssamnings þessa skuldbinda samstarfsaðilar sig til að:

5.1.1 Greiða laun og annan launatengdan kostnað sem tekur til þess tíma sem sérnámlæknir er í vinnu á viðkomandi vinnustað

5.1.2 Tryggja í sameiningu að hver og einn sérnámslæknir hafi nafngreindan sérnámshandleiðara

5.1.3 Hver og einn sérnámslæknir hafi nafngreindan klínískan handleiðara fyrir hverja starfsstöð

5.1.4 Tryggja að allir klínískir handleiðarar og sérnámshandleiðarar hafi lokið viðeigandi handleiðsluþjálfun

5.1.5 Tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi tækifæri til að uppfylla hæfnikröfur marklýsingar fyrir þann tíma sem sérnámslæknir starfar á viðkomandi vinnustað og í samvinnu fyrir sérnám í heild

5.1.6 Tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi aðgang að ráðgjafar- og stuðningsteymi Landspítala og Velferðartorgi eins og við á ef upp koma vandamál

5.1.7 Tryggja að sérnámlæknar hafi tækifæri til að taka þátt í þeirri kennslu sem skipulögð er innan hvernar greinar, eins og krafa er gerð um í marklýsingu og framgangskröfum.

5.1.8 Taka þátt í gæðaúttektum á sérnámi í samræmi við reglugerð 856/2023 um sérnám lækna

5.1.9 Tryggja aðgengi að búnaði til notkunar viðeigandi skráningarkerfi sérnáms (ePortfolio, önnur rafræn skráning eða á pappírsformi) sem skrifstofa sérnáms útvegar.

5.1.10 Taka viðeigandi þátt í öðrum kostnaði sem fylgir sérnámi lækna á viðkomandi sviði, svo sem hlutfallslega þátttöku í kostnaði við alþjóðlegt samstarf þar með talið erlendan samstarfsaðila vegna sérnáms. Þetta skal gert samkvæmt samkomulagi kennslustjóra greina og ábyrgðaraðila sérnáms á Landspítala og RGR. Kostnaður skal gerður upp í lok hvers námsárs (fyrir 31. ágúst ár hvert)


6. Grein: Uppsagnarákvæði

6.1 Ef vanefndir verða á samstarfssamningi þessum og/eða ágreiningur verður um efndir samningsins, skulu aðilar leitast við að jafna ágreininginn og ná fram sáttum, ella er hvorum aðila heimilt að segja upp samstarfssamningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara.

7. Grein: Gildistími og endurskoðun

7.1 Samningur þessi gildir frá og með 1. september 2025 og til með 30. ágúst 2029 og skulu samningsaðilar þá endurskoða samstarfið.

F.h. Landspítala



Tómas Þór Ágústsson
Framkvæmdastjóri lækninga

F.h. Ráðgjafar- og greiningarstöðvar



Solveig Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri lækninga

Viðauki

KENNSLUSTJÓRI SÉRNÁMS Í LÆKNISFRÆÐI

Starfslýsing þessi er gerð með hliðsjón af reglugerð 856/2023

[856/2023 – Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi.](#)

Næsti yfirmaður: Næsti yfirmaður er yfirlæknir sérnáms (YS) á Landspítala, þó eingöngu hvað varðar það starfshlutfall viðkomandi kennslustjóra (KSL) sem snýr að sérnámi. YS starfar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga.

KSL starfar í samræmi við samþykktir framhaldsmenntunarráðs lækninga (FMRL) varðandi skipulag og rekstur framhaldsmenntunar lækna á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga sbr. reglugerð nr. 856/2023,

Að öðru leyti vísast í almenna starfslýsingu sérfræðilæknis eða yfirlæknis innan Landspítala, enda gegnir kennslustjóri samhliða starfi sérfræðilæknis eða yfirlæknis.

Umgjörð starfs

- Starfshlutfall er í samræmi við fjölda sérnámslækna viðkomandi greinar og samkvæmt samráði yfirlæknis sérnáms (YS), framkvæmdastjóra lækninga ásamt framkvæmdarstjóra viðkomandi sviðs.
- Mögulegt er að tveir kennslustjórar deili starfinu ef starfsaðstæður eða umfang gefa tilefni til.
- Laun greiðast samkvæmt launasetningu kjaradeildar Landspítala innan ramma kjarasamnings Læknafélags Íslands og ríkisins.

Menntun og starfsréttindi

- Íslenskt sérfræðileyfi í viðkomandi sérgrein
- KSL þarf að sinna klínískum starfskyldum við einingu samþykktri til sérnáms af mats- og hæfisnefnd viðeigandi fagi.
- KSL Skal hafa brennandi áhuga á og reynslu af kennslu og klínískri þjálfun lækna. KSL þarf að hafa lokið viðeigandi þjálfun í handleiðslu samkvæmt viðmiðum FMRL.

Tilgangur og markmið starfs

- Að tryggja að kennsla og handleiðsla sé markviss og í samræmi við marklýsingu, byggða á gagnreyndri þekkingu, og standist alþjóðlegan samanburð.

- Að tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi tækifæri til að uppfylla bæði náms- og hæfnikröfur marklýsingar sérnámsins.
- Að tryggja að framkvæmd og innihald sérnáms uppfylli sett innlend og alþjóðleg gæðaviðmið og þróist eðlilega í samræmi við stefnu FMRL og í samvinnu við erlenda samstarfsaðila eins og við á.
- Að leiða og stjórna sérnámi lækna í sinni grein og í samræmi við stefnu Landspítala, bestu læknisfræðilegu og kennslufræðilegu þekkingu, í samvinnu við forstöðumenn, yfirlækna og framkvæmdastjóra.
- Að stuðla að hvetjandi og jákvæðu starfsumhverfi.

Ábyrgð og skyldur

KSL ber faglega ábyrgð á innihaldi og framkvæmd sérnáms í viðkomandi sérgrein í samvinnu við viðkomandi forstöðumenn, yfirlækna og framkvæmdastjóra. hefur víðtæka leiðandi aðkomu að starfsmannamálum sérnámslækna í samvinnu við þann sem hefur beina starfsmannaábyrgð hverju sinni.

Starfssvið:

- KSL hagar starfi sínu í samræmi við reglugerð nr. 856/2023.
- KSL á sæti í framhaldsmenntunarráði lækninga Landspítala og sækir fundi í ráðinu.
- KSL gerir grein fyrir starfi sínu með stuttri samantekt í skýrslu FMRL fyrir 1. október ár hvert. Skýrslan er í framhaldi send viðkomandi forstöðumönnum, yfirlæknum og framkvæmdastjórum.
- KSL tekur þátt í gæðastjórnun sérnáms í samræmi við verklag FMRL.
- KSL stýrir, í samvinnu við YS, starfsmenn mannauðsmála og viðkomandi forstöðulækni, ráðningaferli sérnámslækna í samræmi við handbók um mannauðsmál sérnámslækna.
- KSL ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með að sérnámslæknar í vanda, hvað nám og framgang varðar, sé veittur viðeigandi stuðningur.
- KSL stýrir árlegu framvindumati sérnámslækna í viðkomandi sérnámi í samræmi við viðmið marklýsingar og samþykktar verklagsreglur FMRL.
- KSL skal í samvinnu við umsjónarmann vísindastarfa í sérnámi tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi tækifæri til vísindastarfa í samræmi við marklýsingu.
- KSL skal í samvinnu við umsjónarmann gæða- og umbótaverkefna tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi tækifæri til vinnu við gæða- og umbótaverkefni í samræmi við marklýsingu.

- KSL starfar náið með menntadeild Landspítala að skipulagi og rekstri hermináms og færnipjálfunar og annars náms í samræmi við ályktanir FMRL.
- KSL starfar með og leiðir kennsluráð hvernar greinar, Kennsluráð er skipað viðeigandi yfirlæknum ásamt sérfræðilæknum sem lokið hafa viðeigandi handleiðarþjálfun. Fjöldi þeirra skal taka mið af fjölda námslækna og skal ákveðast í samráði við YS og framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs. Einnig er mælt til þess að forstöðumaður viðkomandi fræðasviðs, fulltrúi viðeigandi sérgreinafélags og umsjónardeildarlæknir eigi þar sæti.
- Ef sérnámslæknar viðkomandi greinar starfa á fleiri en einni stofnun eða sviði, skal KSL tryggja að viðeigandi samstarfssamningum sé fylgt.
- KSL hefur aðgang að skrifstofuaðstöðu og skrifstofustuðning, bæði í tengslum við viðkomandi grein en einnig á vegum framkvæmdastjóra lækninga
- Að öðru leyti vísast í almenna starfslýsingu sérfræðilæknis eða yfirlæknis innan Landspítala, ef kennslustjóri gegnir samhliða starfi sérfræðilæknis eða yfirlæknis.

Hæfni

KSL skal hafa brennandi áhuga á og reynslu af kennslu og klínískri þjálfun lækna. KSL þarf að hafa lokið viðeigandi þjálfun í handleiðslu samkvæmt viðmiðum FMRL.

- KSL skal vera hæfur í mannlegum samskiptum, teymisvinnu og samvinnu við samstarfsfólk.
- KSL skal hafa leiðtogaþæfileika og getu til að leiða umbótastarf og breytingar, auk frumkvæðis og metnaðar til að ná árangri.

Ábyrgðarhavar starfslýsingar

- Framkvæmdarstjóri lækninga og yfirlæknir sérnáms bera ábyrgð á viðhalda starfslýsingum og að unnið sé samkvæmt henni.